

## Reglur um vöntun í vörudeildir

### 1. gr.

Markmið reglna þessara er að fyrirbyggja að vörur vanti í vörudeildir ÁTVR og stuðla með því að fjölbreytni í vöruúrvali.

### 2. gr.

ÁTVR er heimilt að auglýsa eftir vöru í tiltekna vörudeild ef engin vara hefur skipað umrædda vörudeild í 3 mánuði.

### 3. gr.

ÁTVR er heimilt að fella niður umsóknargjald á vöru sem keypt er samkvæmt reglum þessum.

### 4. gr.

Val á vöru til kaups grundvallast að jafnaði á:

- gæðamati ÁTVR, sbr. skynmati.
- verðmati á vöru að teknu tilliti til gæða.
- o.fl. þátta.

### 5. gr.

Vara sem keypt er samkvæmt reglum þessum fer í sérflokk í a.m.k. eitt ár. Að fyrrnefndum tíma liðnum gilda almennar reglur um sölumeðferð vörunnar.

### 6. gr.

Auglýsing skal birt á birgjavef ÁTVR með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

Í auglýsingu skal tilgreina:

- Tímafresti til að skila inn umsókn.
- Nauðsynleg fylgigögn umsóknar.
- Hvaða vörudeild varan skuli tilheyra og helstu einkenni þeirrar vörudeildar.
- Hvort að umsóknargjald sé felld niður vegna umsóknar.
- Hvernig val á vöru fer fram.

### 7. gr.

Reglugerð, nr. 755/2011, um vöruval og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja er reglum þessum til fyllingar.

Reykjavík, 27.mars 2014.

Fyrir hönd Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins,

Einar Snorri Einarsson